

OS-99113

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofnunar



ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

UTLAN

Bókasafn Orkustofnunar

HÖFUÐBORGARSVÆÐI Holur HS-49 og HS-50 Jarðfræði og jarðlagamælingar

Elsa G. Vilmundardóttir
Steinar Þór Guðlaugsson
Sigurður Sveinn Jónsson
Bjarni Richter
Benedikt Steingrímsson

Útlan

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

1999

OS-99113



| | | |
|---|------------------------------|--|
| Skýrsla nr: OS-99113 | Dags: Desember 1999 | Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til |
| Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: HÖFUÐBORGARSVÆÐI Holar HS-49 og HS-50 Jarðfræði og jarðlagamælingar | | Upplag: 30 |
| | | Fjöldi síðna: 28 |
| Höfundar: Elsa G. Vilmundardóttir, Steinar Þór Guðlaugsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Bjarni Richter, Benedikt Steingrímsson | | Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson |
| Gerð skýrslu / Verkstig: Úrvinnsla jarðlagagreininga og borholumælinga | | Verknúmer: 8-610011/610012 |
| Unnið fyrir: Orkuveitu Reykjavíkur | | |
| Samvinnuaðilar: | | |
| <p>Útdráttur:</p> <p>Gerð er grein fyrir úrvinnslu gagna úr tveimur borholum á höfuðborgarsvæðinu, fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Um er að ræða framhald rannsókna sem orkuveitan hefur staðið að í samvinnu við Orkustofnun. Megintilgangur borananna er að kanna hitaástand berggrunnsins við jaðra lághitasvæðanna, en einnig að afla upplýsinga um jarðlagaskipan og jarðhitaummyndun. Hola HS-49, sem var boruð 1997, er 1005 m djúp og HS-50, boruð 1998, er 800 m djúp. Lýst er í stuttu máli gangi borunar hvorar holu fyrir sig, síðan er lýsing á jarðögum byggð á greiningu borsvarfs með hliðsjón af jarðlagamælingum, bunnsneiðum og röntgengreiningum. Einig er gerð grein fyrir ummyndun bergsins, fyrverandi hitaástandi þess og vatnsæðum sem fram koma í borun. Í báðum holunum einkennist jarðlagastaflinn af þykkum móbergsmýndunum gegnumskornum af fjölmörgum þunnum basaltinnskotum. Samtulkun borsvarfs og jarðlagamælinga auðveldaði mjög gerð jarðlagasniðsins, sérstaklega greiningu á innskotum. Úr mælingunum fengust einnig sterkar vísbendingar um að steindir bergsins hafi veruleg áhrif rafleiðni jarðlaganna og er það áhugavert tilefni til frekari rannsókna.</p> | | |
| Lykilord: Höfuðborgarsvæði, lághitasvæði, grunnvatnskerfi, borholur, jarðög, ummyndun, jarðlagamælingar | ISBN-númer: | |
| | Undirskrift verkefnisstjóra: | <i>Ben H.</i> |
| | Yfirfarið af: | BS |



ORKUSTOFNUN

Rannsóknasvið

Reykjavík - Akureyri

Verknr. 610011/610012

**Elsa G. Vilmundardóttir
Steinar Þór Guðlaugsson
Sigurður Sveinn Jónsson
Bjarni Richter
Benedikt Steingrímsson**

**Höfuðborgarsvæði
Holur HS-49 og HS-50
Jarðfræði og jarðlagamælingar**

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

OS-99113

Desember 1999

ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. - Sími 569 6000 - Fax 568 8896

Akureyri: Glerárgötu 36, 600 Ak. - Sími 463 0957 - Fax 463 0998

Netfang: os@os.is - Veffang: http://www.os.is

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur | 3 |
| 2. Hola HS-49 - Akrar, Mosfellsbæ | 3 |
| 2.1 Inngangur | 3 |
| 2.2 Jarðlagalýsing | 5 |
| 2.2.1 Jarðlagasnið (sjá mynd 2) | 9 |
| 2.2.2 HS-49 Þunnsneiðalýsing | 9 |
| 2.2.3 Ummyndun í holu HS-49 | 10 |
| 3. Hola HS-50 - Leirvogstunga, Mosfellsbæ | 12 |
| 3.1 Inngangur | 12 |
| 3.2 Jarðlagalýsing | 12 |
| 3.3 Jarðalagasnið (sjá mynd 3) | 15 |
| 3.4 HS-50 Þunnsneiðalýsingar | 16 |
| 3.5 Ummyndun í holu HS-50 | 16 |
| 4. Vatnsæðar í HS-49 og HS-50 | 18 |
| 5. Jarðlagamælingar | 19 |
| 5.1 Jarðlagamælingar í hola HS-49 | 21 |
| 5.2 Jarðlagamælingar í holu HS-50 | 25 |
| 6. Heimildir | 28 |

TÖFLUR

| | |
|---|----|
| 1. Borholur HS-49 og HS-50. Skrá yfir þunnsneiðar | 4 |
| 2. Borholur HS-49 og HS-50. XRD-greiningar | 4 |
| 3. Borhola HS-49. XRD-greiningar á útfellingum | 11 |
| 4. Borhola HS-50. XRD-greiningar á útfellingum | 17 |
| 5. Vatnsæðar í HS-49 samkvæmt borskýrslu | 18 |
| 6. Jarðlagamælingar í holum HS-49 og HS-50 | 19 |
| 7. Meðaltöl og staðalfrávik dreifinga jarðlagamælinga í HS-49 og 50 | 21 |

MYNDIR

| | |
|--|----|
| 1. Afstöðumynd borholna | 6 |
| 2. Borhola HS-49. Jarðlagamælingar | 7 |
| 3. Borhola HS-50. Jarðlagamælingar | 13 |
| 4. Tíðnidreifing poruhluta og kísilsýru í holu HS-49 | 23 |
| 5. Tíðnidreifing viðnáms í holu HS-49 | 24 |
| 6. Tíðnidreifing poruhluta og kísilsýru í holu HS-50 | 26 |
| 7. Tíðnidreifing viðnáms í holu HS-50 | 27 |

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framhaldi rannsókna sem Orkuveita Reykjavíkur hefur staðið að í samvinnu við Orkustofnun á undanförnum árum. Tilgangur þeirra er að kanna hitaástand berggrunnsins á vinnslusvæðum í nágrenni vinnslusvæða og þrýstibreytingu út frá svæðunum.

Í skýrslunni er skyrt frá niðurstöðum athugana á eftirtöldum tveimur borholum: Borholu HS-49 sem kennd er við Akra í landi Reykjahvols í Mosfellsbæ, skammt frá jarðstöðinni Skyggni, og holu HS-50 við Leirvogstungu í Mosfellsbæ, um 60 m norðan við brúna á Koldukvísl. Þær eru 1005 og 800 m djúpar og voru boraðar 1997 og 1998. Sjá staðsetningu holnanna á mynd 1.

Fjallað er um holurnar á svipaðan hátt og gert er í skýrslum um holar HS-35 og HS-37 til HS-43 og HS45 til HS-48 (Sigurður Sveinn Jónsson o. fl., 1996; 1998). Notað er nýtt forrit við gerð jarðlagasniða, Logplot98.

Í stuttum inngangskafla fyrir hvora holu um sig er fjallað um gang borunar, fóðringar, steypingar og annað sem að borverkinu lýtur. Síðan fylgir lýsing á jarðögum og túlkun byggð á greiningu borsvarfs með aðstoð þunnsneiða, röntgengreininga og jarðlagamælinga. Í lok umfjöllunar um hvora holu er gerð grein fyrir ummyndun og fyrverandi hitaástandi. Fjallað er um vatnsæðar í sérstökum kafla.

Borsvarfi var safnað á tveggja metra bili og byggist jarðfræðileg úrvinnsla á athugunum á því, en einnig var stuðst við þunnsneiðar við ákvörðun bergerðar og ummyndunar (tafla 1). Röntgengreining (XRD) var notuð við ákvörðun steinda (tafla 2) og er niðurstaðna getið í ummyndunarkafla fyrir hvora holu um sig.

Tvær mismunandi dýptarviðmiðanir eru í skýrslunni. Í borsögunni er miðað við drifborð bortækjanna, en önnur dýpi eru miðuð við flans. Þar sem frávik eru frá þessu er viðmiðunarinnar getið sérstaklega.

2. Hola HS-49 - Akrar, Mosfellsbæ

2.1 Inngangur

Holan er við Úlfarsfellsveginn milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, skammt austan við jarðstöðina Skyggni (mynd 1). Staðarnúmer hennar í gagnagrunni Orkustofnunar er 14096 og landmælt Lambert-hnit 678669,10; 410029,85. Hún var boruð af jarðborunum Ými og Narfa á tímabilinu 14. maí - 11. júlí 1997 og tók verkið alls 32 daga. Dýpt holunnar er 1005 m. Sýni vantar af 498-610 m dýpi. Sýni voru tekin, en svarf frá þessu bili virðist hafa orðið viðskila við annað svarf holunnar og hefur ekki fundist enn þrátt fyrir ítrekaða leit.

Áður en Ými var komið fyrir á holunni hafði verið sett niður leiðirör í steyptum kjallara á borplaninu. Borað var fyrir yfirborðsfóðringu með 12 1/4" lofthamri niður á 61 m dýpi.

Tafla 1. Borholur HS-49 og HS-50. Skrá yfir þunnsneiðar.

| Hola nr. | Þunnsn. nr. | Dýpi m miðað við drifborð | Leiðrétt dýpi m miðað við flans |
|-------------|----------------|---------------------------------|---------------------------------------|
| HS-49 | 16872 | 84 | 84 |
| HS-49 | 16873 | 180 | 180 |
| HS-49 | 16874 | 252 | 252 |
| HS-49 | 16875 | 346 | 346 |
| HS-49 | 16876 | 466 | 464 |
| HS-49 | 16877 | 644 | 642 |
| HS-49 | 16878 | 740 | 738 |
| HS-49 | 16879 | 854 | 852 |
| HS-49 | 16880 | 994 | 992 |
| HS-50 | 16881 | 88 | 88 |
| HS-50 | 16882 | 180 | 178 |
| HS-50 | 16883 | 288 | 286 |
| HS-50 | 16884 | 356 | 354 |
| HS-50 | 16885 | 450 | 448 |
| HS-50 | 16886 | 588 | 584 |
| HS-50 | 16887 | 688 | 686 |
| HS-50 | 16888 | 798 | 798 |

Tafla 2. Borholur HS-49 og HS-50. XRD greiningar.


| Hola nr. | XRD nr. | Dýpi m miðað við drifborð | Leiðétt dýpi m miðaða við flans |
|-------------|------------|---------------------------------|---------------------------------------|
| HS-49 | 32049 | 94 | 94 |
| HS-49 | 32050 | 166 | 166 |
| HS-49 | 32051 | 264 | 264 |
| HS-49 | 32052 | 330 | 330 |
| HS-49 | 32053 | 448 | 446 |
| HS-49 | 32054 | 616 | 614 |
| HS-49 | 32055 | 780 | 778 |
| HS-49 | 32056 | 862 | 860 |
| HS-49 | 32057 | 980 | 978 |
| HS-50 | 32058 | 38 | 38 |
| HS-50 | 32059 | 114 | 114 |
| HS-50 | 32060 | 264 | 262 |
| HS-50 | 32061 | 342 | 340 |
| HS-50 | 32062 | 472 | 470 |
| HS-50 | 32063 | 538 | 534 |
| HS-50 | 32064 | 654 | 652 |
| HS-50 | 32065 | 738 | 736 |

Síðan var 10 3/4" stálrör sett niður á botn (58,1 m dýpi miðað við flans) og það steypt fast með 4200 kg af sementi blönduðu 2300 l af vatni. Steypingin tókst vel og kom steypan upp. Narfi tók síðan við og boraði fyrst út steypuna úr fóðurrörinu og síðan í berg með blöndu lofts og vatns og 9 7/8" lofthamri. Á 234,0 m dýpi var skorin vatnsæð, sem gaf 20 l/s og fór vatnsborð í 100 m. Þá var tekið upp, sett niður 9 5/8" hjólakráona og borað með lofti niður á 252,5 m dýpi. Þá var ákveðið að steypa í æðina vegna erfiðleika í borun. Fyrst var steypt gegnum stangir úr 4 m³ af sementsseðju. Reyndist æðin enn opin og steypuborðið í 238 m. Var þá hellt í holuna 1 m³ af sementsblöndu með perlusteini og nælontrefjum og síðan spónum og 4 m³ af sandsteypu. Seig steypan ekki. Þá var sett niður 9 5/8" hjólakráona og steypa boruð frá 58,5 m. Ósteyptur kafli kom í ljós neðan 102 m. Var þá tekið upp, bætt í álagsstöngum og sett niður á neðra steypuborðið. Reyndist það vera í 230 m og hafði því steypst í æðina. Borun var þá haldið áfram og borað með vatni, fyrst steypa á bilinu 230 - 252,5 m, og síðan í berg niður á 568 m dýpi. Var þá 8 5/8" vinnslufóðring sett niður á 564 m dýpi (miðað við flans) og hún steypt föst. Var fyrst steypt úr 23 m³ gegnum stangir, 2000 l af vatni dælt á eftir og steypt úr 7 m³ ofan á. Holan fylltist þó ekki. Var steypt aftur ofan á úr 5 m³ og fylltist hún þá. Þá var sett niður 7 7/8" hjólakráona og borað með vatni, fyrst stungustykki, steypa og skór, en síðan í berg frá 568 m niður á 1005 m dýpi.


2.2 Jarðlagalýsing

Samkvæmt svarfgreiningunni eru hraunlög með setlögum í efsta hluta holunnar, en neðan 124 m eru jarðlögin að meginhluta ummynduð basaltbreksía og basalttúff ásamt fjölmögum, oftast nær þunnum basaltinnskotum, sem eru lítið sem ekkert ummynduð. Á nokkrum stöðum finnast túffrík setlög sem sýna myndanaskil, en neðan 360 metra eru myndanirnar sundurskornar af rúmlega 40 innskotum og sjást þau flest flest bæði í svarfi og mælingum. Jarðlagamælingar styðja í öllum aðalatriðum þessa niðurstöðu.

Samanburður milli jarðlagamælinga og svarfgreininga varð til þess að ýmsar leiðréttigar og breytingar voru gerðar á upprunalega jarðlagasniðinu, sem byggt var á svarfgreiningunni einni saman. Tengingar milli lagmóta í óleiðréttu sniðinu og jarðlagamælinga á 35 stöðum í holunni sýndu að dýpi á lagmót var 0-4 m meira í sniðinu en í mælingunum. Reyndist munurinn vera um 2,5 m að meðaltali, og vaxandi með dýpi. Jarðlagasniðið var dýptarleiðrétt á þessum stöðum með því að færa lagmótin til samræmis við mælingarnar. Vegna blöndunar svarfsins reyndust jarðlagamælingarnar hafa töluvert betri dýptarupplausn en svarfgreiningin og tókst með samtlíkun svarfsýna og jarðlagamælinga að greina lagmót á á 23 nýjum stöðum neðan vinnslufóðringar, en 40 lagmót höfðu greinst á því dýptarbili í upprunalega sniðinu. Tílkun á jarðlagagerð var enn fremur breytt á 17 stöðum. Í báðum tilvikum munaði mest um hve miklu auðveldara er að greina þunn innskot þegar svarfsýni og jarðlagamælingar eru samtlíkaðar, en þegar byggt er á svarfinu einu saman. Með þessari aðferð greindust 15 innskot, sem sáust óljóst svarfinu. Svarfsýni vantaði á bilinu 498-610 m, og er jarðlagastaflinn, sem sýndur er í sniðinu á þessu bili, tillaga byggð á tílkun jarðlagamælinganna og samanburði þeirra við jarðlagasniðið annars staðar í holunni (mynd 2).



Mynd 1. Afstöðumynd borholna.

Staður: Akrar
Holunafn: HS-49Bor: Ýmir og Narfi
Dýptarbil: 0-1005Skolvöki: Vatn
Verkhluti: AllirStaðarnúmer: 14096
Starfsmenn: BS, BR, EGV, GrB, KB, SpG

Jarðlagamælingar


29.12.99

Staður: Leirvogstunga
Holunafn: HS-50

Bor: Narfi
Dýptarbil: 0-800

Skolvöki: Vatn
Verkhlti: Allir

Staðarnúmer: 12974
Starfsmenn: BS, BR, EGV, GrB, KB, SPG



Skýringar við jarðlagasnið og bergummyndun

Berggerðir



Basalttúff



Basaltbreksía




Fín-meðalkorna basalt



Meðal-grófkorna basalt



Grófkorna basalt



Eðjusteinn



Sandsteinn




Möl og steinar




Svarf vantar

Innskot



Innskot



Hugsanlegt innskot

Ummynunarstig



Engin ummyndun



Lítill ummyndun



Meðal ummyndun



Mikil ummyndun

Vatnsæðar



Lítill æð



Meðal æð



Stór æð

2.2.1 Jarðlagasnið (sjá mynd 2)

0-60 m Svarf vantar

- 60-124 m Basalt með millilögum úr seti og karga. Basaltlögin eru fín- meðalkorna, sennilega þóleiít. Tvö túffrík setlög eru milli hraunlaganna, 2 og 12 m þykk.
- 124-240 m Basaltúff og basaltbreksía með millilögum. Um er að ræða þrjú tiltölulega þunn lög (um 30-50 m þykk) aðgreind af þunnum millilögum.
- 240-498 m Basalttúff og basaltbreksía með innskotum frá 360 m. Þrjú innskot greindust, tvö þau efstu eru 10-12 m þykk. Engin millilög sáust í þessum kafla holunnar. Ummynnarsteindir breytast í átt til hærra hitastigs.
- 498-610 m Svarf vantar. Svarfi var safnað á þessu bili en hefur týnst og ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Jarðlagasniðið byggir eingöngu á túlkun mæligagna. Þau benda til svipaðra jarðlaga og ofar og neðar í holunni og virðast skiptast á lög af basalttúffi og basaltbreksíu. Einnig gefa mælingarnar vísbendingu um fimm innskot sem eru á bilinu 2-5 m á þykkt milli 546 og 599 m.
- 610-624 m Basaltbreksía, hugsanlegt innskot og undir því 10 m þykkt setberg. Breksían virðist vera framhald lagsins ofar í holunni. Setbergið er túffríkur sandsteinn og eitthvað af grófara efni með. Ekki fundust örugg merki um setberg neðar í holunni.
- 624-720 m Basaltbreksía með tíu 1-8 m þykkum innskotslögum. Það þykkasta er á 664-672 m dýpi. Breksían er fín-meðalkorna, basaltbrot blönduð túffi og er túffið meira ummyndað en basaltið.
- 720-792 m Basalttúff með fjórum innskotslögum (1-3 m þykk). Frá og með 764 m breytist litur túffsins frá því að vera brúnn og fær grænan blæ. Túffið sýnir merki mikillar ummyndunar.
- 792-1004 m Á þessu bili er basaltbreksía, grænleit og mikið ummynduð. Hún er sundurskorin af 18 innskotslögum úr dökku þóleiíti. Þau þykkstu 9 og 10 m þykk eru neðan 930 m. Þykkasta lagið í 979-989 m hefur mjög ferskan blæ. Holan endar í innskotslagi sem einnig er mjög ferskt að sjá. Bergið, að frátoldum innskotunum, er mjög ummyndað, grænleitt á lit og oxun áberandi við innskotin.

2.2.2 HS-49 Punnsneiðalýsing

Punnsneið 16872, dýpi 84 m. Olivínþóleiít. Blanda af fínkristölluðu ólivínþóleiíti og túffríku setbergi. Basaltið er lítið ummyndað.

Ummynnarsteindir eru: Kvars, kabasít og leirsteindir.

Punnsneið 16873, dýpi 180 m. Basalttúff. Glerkennt túff, svart gler og vottur af kristölluðu basalti.

Talsverð ummyndun. Í sneiðinni sjást leirsteindir (smektítblanda). Kalsít er áberandi, einnig kvars og stilbít.

Punnsneið 16874, dýpi 252 m. Basalttúff. Fínkornótt og glerkennt basalt. Brúnn blær á kornum.

Talsverð ummyndun. Ummyndunarsteindir: Smektít, kalsít og skólesít/mesólít fremur en mordenít. Stöku basaltkorn, bæði grófkristölluð og glerjuð, eru fersk og óummynduð og gætu bent til innskotsæða ofar í holunni, sem ekki koma fram í jarðlagasniði.

Punnsneið 16875, dýpi 346 m. Basaltbreksía. Olivínbasalt blandað setkornum og gleri. Ummyndun töluberð. Stilbít, kalsít, kvars. Leirsteindir (smektít) í setkornunum.

Punnsneið 16876, dýpi 466 m. Basalttúff. Glerrík blöðrótt basaltkorn.

Ummyndun er mikil, aðallega smektít, seladónít, kvars, kalsít og skólesít. Dæmi um holufyllingu: Græn seladónítrönd yst og kvars innar í holunni.

Punnsneið 16877, dýpi 644 m. Basaltbreksía. Glerkennt og fínkristallað ólivínþóleiít. Ummyndun töluberð. Stilbít, kalsít og smektít mest áberandi.

Punnsneið 16878, dýpi 740 m. Basalttúff.

Brúnt túff og glerkennt blöðrótt basalt.

Mikil ummyndun. Ummyndunarsteindir: Smektít, Stilbít, kalsít, kvars og landlagsleirsteindir.

Punnsneið 16879, dýpi 854 m. Basaltbreksía. Glerkennt basalt og túff. Mikil ummyndun. Lagskiptar holufyllingar. Mikið af kalsíti, blandlagsleirsteindir (klórít?) og kvars.

Punnsneið 16880, dýpi 994 m. Basaltbreksía. Fínkornótt og glerkennt basalt, Olivínþóleiít.

Mikil ummyndun. Ummyndunarsteindir: smektít, og klórít, kalsít, stilbít.

2.2.3 Ummyndun í holu HS-49

Í töflu 3 eru niðurstöður XRD greininga. Engin sérstök röð er á steindunum, þ.e. ekki er meira af tegund 1 fremur en annarri, né heldur er um að ræða sérstaka myndunarröð.

Steindirnar sýna vaxandi myndunarrita útfellinga og virðast þær tilheyra þremur hitabeltum. Mörkin sem hér eru sett milli þeirra eru ekki nákvæm. Beltin eru:

- 1) Kabasít-thomsónítbeltið á 0-300 m dýpi.
- 2) Mesólít-skólesítbeltið á 300-448 m dýpi.
- 3) Laumontítbeltið á 448-1004 m dýpi.

Neðan við 360 m greindust 42 innskot í holunni 1-12 m þykk. Frá og með 870 m er ummyndun bergsins mjög mikil.

- 1) 0-300 m Lághita-zeólítar (kabasít og thomsónít) finnast niður í allt að 300 m dýpi ásamt mesólíti, stilbíti, smektíti og seladóníti. Í punnsneiðum sést kalsít,

Tafla 3. HS-49 XRD-greiningar á útfellingum.

| OX-XRD nr. | Hola nr. | Dýpi m miðað við drifborð | Teg-1 | Teg-2 | Teg-3 | Teg-4 |
|---------------|-------------|---------------------------------|-----------|-----------|-----------|-------------|
| 32049 | HS-49 | 94 | kabasít | stilbít | | |
| 32050 | HS-49 | 166 | mesólít | kabasít | thomsónít | |
| 32051 | HS-49 | 264 | kabasít | thomsónít | stilbít | kalsít/leir |
| 32052 | HS-49 | 330 | stilbít | heulandít | mordenít | kalsít/leir |
| 32053 | HS-49 | 448 | stilbít | skólesít | laumontít | |
| 32054 | HS-49 | 616 | stilbít | laumontít | kalsít | |
| 32055 | HS-49 | 780 | kalsít | wairakít | klórít | |
| 32056 | HS-49 | 862 | kalsít | kvars | stilbít | |
| 32057 | HS-49 | 980 | laumontít | | | |

kvars og mesólít. Meiri ummyndun er í túffi heldur en kristölluðu basalti og í túffinu eru leirsteindirnar áberandi. Myndunarhiti er um eða innan við 100° C.

2) 300-448 m Á þessu bili verður vart við fyrsta innskotið í holunni, á 360-372 m dýpi. Þó er hugsanlegt að innskotsæðar séu ofar í holunni, sbr. lýsingu á þunn-sneið nr. 16874 frá 252 m. Thomsónít hverfur og ríkjandi steindir eru stilbít, heulandít, mordenít, kalsít, kvars og smektít. Einnig fer pýrit að verða áberandi frá 360 m. Þessi hluti holunnar virðist vera í skólesít-mesólít-beltinu.

3) 448-1004 m Þessi hluti holunnar virðist vera í laumontítbeltinu. XRD greiningar staðfesta að laumontít er í holunni í 448 m og bendir það til myndunarhita á bilinu 150-220° C. Væntanlega eiga innskotin drjúgan þátt í þessum háa myndunarhita.

Engar upplýsingar eru um bilið milli 498-610 m þar sem svarf finnst ekki, vísbendingar um innskot í mæligögnum gefa ástæðu til að ætla að þar ríki svipað ástand og annars staðar í holunni neðan 448 m.

Í 780 m sýna XRD greiningar wairakít og klórít í hópi ummyndunardeinda. Aðrar algengar steindir á bilinu 449-1004 m eru: Stilbít, skólesít kalsít, kvars, og pýrit. Innkoma wairakíts bendir til vaxandi hita er neðar dregur.

Grunnbergið er mikið ummyndað, einkum er neðar dregur og frá og með 760 m fær það ljósgrágrænleitan blæ og er talið mikið ummyndað frá 720 m. Þetta á þó ekki við um innskotabergið, sem er dökkgrátt og virðist lítið ummyndað.

3. Hola HS-50 - Leirvogstunga, Mosfellsbæ

3.1 Inngangur

Holan er staðsett við Vesturlandsveg, austan megin, um 60 m norðan við brúna á Kölđukvísl. Staðarnúmer hennar í gagnagrunni Orkustofnunar er 12974 og Lambert hnit, hnituð eftir korti, 678770; 413870. Hún var boruð af jarðbornum Narfa á tímabilinu 17. nóvember 1997 - 6. janúar 1998 og tók verkið alls 29 daga. Narfa var komið fyrir á holunni. Áður hafði verið sett niður 14" leiðirör í steyptum kjallara í borplaninu. Borað var með 12 1/2" lofthamri niður á 40,9 m dýpi, 10 3/4" yfirborðsfóðring sett niður í 40 m og hún steypt föst. Steypt var úr 2,5 m³ og 1600 l af vatni dælt á eftir. Kom steypan upp. Þá var settur niður 9 7/8" lofthamar og steypan boruð út. Síðan var borað í bergi frá 40 m niður á 305,7 m dýpi með blöndu lofts og vatns. Þá var tekið upp, 8 5/8" vinnslufóðring sett niður á 302,5 m (miðað við kjallarabrun) og hún steypt föst. Steypt var úr 10 m³ og 1600 l af vatni dælt á eftir. Kom steypan upp, en 600 l af steypu var samt bætt ofan á, væntanlega vegna þess að hún seig. Borun hófst að nýju með 7 7/8" hjólkakrónu, en illa gekk að bora út skóinn og skemmdist krónan við það. Sett var niður ný 7 7/8" hjólkakrána og hófst borun með vatni á 335 m dýpi. Var borað með þessari krónu í 801 m, sem varð endanleg dýpt holunnar. Nokkrar tafir urðu í seinni áfanga borverksins vegna krapa í Kölđukvísl, sem olli erfiðleikum við dælingu. Ekki er getið um æðar í skýrslum bormanna. Í lok borunar var holan hitamæld og reyndist botnhitinn vera 78°C. Í tengslum við upptektina, var ætlunin að framkvæma loftdælingu með stangir í 226 m dýpi, en þegar hún átti að hefjast reyndist krónan hafa verið dregin upp fyrir vatnsborð og var því hætt við.

3.2 Jarðlagalýsing

Dýptarleiðréttigar á jarðlagasniðinu (mynd 3) voru gerðar þar sem hægt var að tengja lagmót í upphaflega jarðlagasniðinu við jarðlagamaelingarnar, eða alls á 44 stöðum. Reyndust lagmótin liggja að meðaltali 2,5 m ofar í holunni en svarfgreiningin gaf til kynna, en skekkjurnar lágu á bilinu 0-6 m. Á grundvelli mælinganna voru sett inn ný lagmót á 50 stöðum, en um 90 lagmót höfðu greinst í upprunalega sniðinu, og túlkun jarðlagagerðar breytt á 40 stöðum. Munaði hér mestu um 22 innskot, sem erfitt var að skilgreina í svarfinu.

Samkvæmt svarfgreiningunni einkennist upphleðslubergið af basalttúffi og basaltbreksíu. Ber þar mest á þykki túffmyndun á dýptarbilinu 74-429 m og breksíum þar fyrir ofan og neðan. Staflinn er allur gegnumskorinn af innskotum, sennilega göngum, og verða þau rúmfrekari í staflanum eftir því sem neðar dregur. Á dýptarbilinu 527-790 er sérstaklega mikið um innskotsberg og má reyndar túlka poruhlutaferilinn þannig að um samfellda innskotsmyndun sé að ræða. Hugsanlega borað í og við berggang. Hér var hins vegar valin sú leið að túlka mest ummynduð kaflana sem leif af upprunalega upphleðsluberginu fremur en innskot. Magn ummyndunar í innskotunum er samt breytilegt og skera nokkur óummynduð innskot sig greinilega úr. Þetta bendir til þess að innskotin geti verið fleiri en eitt og misgömul.

3.3 Jarðalagasnið (sjá mynd 3)

Holutoppurinn er í 8 m þykku grágrytislagi, sem væntanlega tilheyrir Reykjavíkurgrágrýtinu. Síðan tekur við móberg niður í 542 m. Þar fyrir neðan eru syrpur af dyngjubasalthraunum með fjölmögum innskotum og fjórum þunnum setlögum milli 542-789 m. Neðstu 11 m, frá 789-800 m, eru boraðir í basaltbreksíu.

Efsta innskotið greindist í 38 m og er grunnbergið allt sundurskorið af innskotum og eykst fjöldi þeirra og þykkt er neðar dregur. Ofan við 70 m eru innskot um 10% bergsins. Milli 70-542 m eru innskotin um 24%, milli 658-789 m um 50% og milli 658-789 um 83%. Neðsti hluti holunnar frá 789-800 m er í basaltbreksíu, sem er mikið ummynduð, en þar greindust ekki innskot.

- | | |
|-----------|---|
| 0-8 m | Efst í holunni er þunnt lag af blöðróttu ólivínþóleíti, fín- meðalkorna, lítið ummynduð og ópal í holum, sennilega Reykjavíkurgrágrýti. |
| 8-70 m | Basaltbreksía með þremur hugsanlegum innskotum. Grunnbergið er lítið ummyndað efst, en ummyndunin eykst með innskotunum, frá og með 38 m. Á þessu dýptarbili eru lághitasteindir eins og thomsónít og ópall auk fleiri steinda. Oxun er áberandi í berGINU umhverfis hugsanlegu innskotin, sem eru um 10% bergsins á þessu bili. |
| 70-542 m | Basalttúff og basaltbreksía með 35 innskotslögum. Ummyndun í móberginu er mikil, en aftur á móti lítil í innskotunum. Túff er ríkjandi ásýnd niður í 429 m, en neðsti hluti syrpunnar, frá 429-542 m, er basaltbreksía. Þar er þykkasta innskotslag holunnar (26 m) milli 465-491 m. Ummyndun í móberginu er mikil, en aftur á móti lítil í innskotaberginu. Grunnbergið er grágrænt á lit vegna ummyndunar neðan 132 m, en innskotslögin eru dökkgrá. Í dagbók bormanns er getið um sprungusvæði í 290 m. Einnig virðist bergið vera talsvert sprungið í 491-496 m neðan við þykkasta innskotið þar sem skápur er í holunni. Innskotin eru um 24% bergsins á þessu bili eins og ofar. Svarfið er mjög fínmultið neðan 338 m. |
| 542-658 m | Ólivínþóleít hraunlög með 12 innskotslögum og þunnum setlögum. Grunnbergið er ólivínþóleít (dyngjubasalt), oftast meðal- grófkorna, talsvert ummyndað, þó minna en móbergið ofar. Milli 590 og 601 verður vart við setkorn í svarfinu, sem að öðru leyti virðist vera úr innskotum og eru sýnd þrjú þunn innskotslög á jarðlagasniðinu á þessu bili. Innskotin eru l-9 m þykk og um 50% bergsins innskot. |
| 658-789 m | Inniskotslög með þunnum lögum af ólivínbasalti og einu þunnu setlagi. Um 83% bergsins á þessu bili er greint sem innskot og eru þau 13 talsins 1-15 m þykk, en grunnbergið virðist vera ólivínþóleít líkt og ofar. Þunnt lag af sandsteini er á 726 m dýpi. Í reynd má segja að þessi hluti holunnar sé boraður í innskot. |
| 789-800 m | Basaltbreksía. Í neðstu 11 m holunnar er aftur komið í móberg. Þar er mikið ummynduð basaltbreksía. |

3.4 HS-50 Punnsneiðalýsingar

Punnsneið 16881, dýpi 88 m. Basalttúff. Glerkennt basalt og túff, talsvert ummyndað og holufyllt. Knippótt pýroxen sjást í svörtu gleri. Holar eru fylltar af kalsíti, kvarsi og stilbíti.

Punnsneið 16882, dýpi 180 m. Basalttúff. Grágrænt, ummyndað túff og stöku basaltkorn. Í sumum kornum eru kalsít- og kvarsfylltar æðar. Plagíóklas er ummyndað í kalsít. Blandklóríð eru á holuveggjum.

Punnsneið 16883, dýpi 288 m. Basalttúff. Glerjað ummyndað túff og blöðrótt settúff. Æðar í sumum brotkornum eru fylltar kalsíti og kvarsi.

Mikil ummyndun: Kalsít og kvars áberandi líka eru þar blandlagsleirsteindir eða klórít.

Punnsneið 16884, dýpi 356 m. Innskot. Grátt ólivínþóleiít, sumt glerkennt, blandað basaltúffi. Brotkornin eru mjög smágerð.

Ummundun er lítil í basaltinu, en mikil í túffinu: Þar sést m.a. kalsít, stilbít, kvars og blandlagsleir.

Punnsneið 16885, dýpi 450 m. Basaltbreksía. Túff.

Mikil ummyndun. Plagíóklas ummyndað í kalsít. Einnig er kvarts, smektít eða klórít.

Punnsneið 16886, dýpi 588 m. Ólivínþóleiít, grófkorna. Ólivínþóleiít og setbergsmolar úr millilagi.

Meðal ummyndun: Kalsít, kvars, stilbít og smektít eða klórít?

Punnsneið nr. 16887, dýpi 688 m. Innskot, grófkorna. Grófkorna ólivínþóleiít.

Lítill ummyndun: Aðallega kalsít og kvars.

Punnsneið 16887, dýpi 798 m. Basaltbreksía. Ólivínþóleiít, fínkornótt og túff.

Mikil ummyndun: Kalsít; plagíóklasfenókristallar eru oft ummyndaðir í kalsít. Einnig er kvars, stilbít og sennilega klórít.

3.5 Ummundun í holu HS-50

Í töflu 4 eru niðurstöður XRD greininga. Engin sérstök röð er á steindunum, þ.e. ekki er meira af tegund 1 fremur en annarri, né heldur er um að ræða sérstaka myndunarröð.

Mikil innskotavirkni er í holunni, einkum neðan til eins og fjallað er um í jarðlagalýsingunni (kafla 2.3.2). Holan virðist liggja í þremur hitabeltum. Hafa ber í huga að mörkin eru ekki dregin nákvæmlega. Beltin eru:

- 1) Kabasít-thomsónítbæltið á ~0-70 m dýpi.
- 2) Mesólít-skólesítbæltið á ~70-654 m dýpi.
- 3) Laumontítbæltið á ~654-800 m dýpi.

1) 0-70 m Í efstu 70 m holunnar er thomsónít (XRD greining úr 38 m í efsta innskotinu). Auk þess finnst þar ópall, skólesít, kalsít og stilbít. Thomsónít

Tafla 4. HS-50 XRD-greiningar á útfellingum.

| OX-XRD nr. | Hola nr. | Dýpi m miðað við drifbord | Teg-1 | Teg-2 | Teg-3 | Teg-4 |
|---------------|-------------|---------------------------------|-----------|-----------|-----------|--------------|
| 32058 | HS-50 | 38 | thomsónít | skólesít | | |
| 32059 | HS-50 | 114 | kalsít | pýrit | | |
| 32060 | HS-50 | 264 | kalsít | kvars | | |
| 32061 | HS-50 | 342 | kalsít | kvars | pýrit | |
| 32062 | HS-50 | 472 | kalsít | kvars | | |
| 32063 | HS-50 | 538 | kalsít | kvars | | |
| 32064 | HS-50 | 654 | wairakít | laumontít | stilbít | kalsít/kvars |
| 32065 | HS-50 | 738 | kalsít | kvars | laumontít | klórít? |

og ópall benda til lágs myndunarhita, nálægt eða minna en 100°C. Bergið er lítið ummyndað ofan 38 m en ummyndunin eykst þegar komið er að innskotunum.

2) 70-654 m Bergið er mikið ummyndað og á það einkum við um móbergið. Kristall-
að basalt heldur sér betur, innskotslögin eru lítið ummynduð. Móbergið fær grænleitan blæ, líklega einkum af völdum seladóníts og/eða bland-
lagsleirs og klóríts er neðar dregur. Aðrar steindir, sem mikið ber á eru
pýrit (frá 96 m), kalsít, kvars og stilbít. Oft eru plagíóklasfenókristallar
ummyndaðir í kalsít. Innskotsbergið er ólivínþóleiít, fersklegt og oftast
nær grófkorna. Það er lítið ummyndað. Myndunarhiti gæti verið milli
100-150°C, vaxandi er neðar dregur.

3) 654-800 m Frá 654 m fara XRD greiningar að sýna wairakít, laumontít og klórít og
auk þess stilbít, kalsít og kvars. Þjár þær fyrst nefndu benda til hækkaðs
myndunarhita, 150-220°C. Á þessu bili flokkast 83% bergsins sem innskot
og lítið fer fyrir grunnberginu, sem er talsvert ummyndað, en innskotin
eru lítið ummynduð sem fyrr og neðan 604 m virðast sum þeirra ekkert
ummynduð. Á það einkum við um innskot neðan 710 m. Hugsanlega eru
fersku innskotin yngri en hin sem virðast lítið ummynduð. Neðstu 11 m
holunnar eru boraðir í basaltbreksíu og þar er bergið mikið ummyndað.

4. Vatnsæðar í HS-49 og HS-50

Vatnsæðar komu fram á fimm stöðum í HS-49 (tafla 5). Fyrst varð vart við smáleka í holunni á 28-33 m dýpi. Vatn kom einnig á 75 m dýpi. Næsta vatnsæð var æðin í 234 m. Gaf hún 20 l/s af 24°C heitu vatni í loftdælingu með vatnsborði í 100 m. Smáleki kom í holuna á 323 m dýpi og smáskoltap á 437 m dýpi. Ekki eru aðrar æðar nefndar í skýrslum bormanna. Í lok borunar reyndist hitinn í botni vera 61°C og vatnsborð í 101,4 m. Eftir borun hefur botnhiti hækkað í 66°C, en vatnsborð sveiflast í takt við vinnslu á Suður Reykjum. Loftdæling með stangir í 238 m gaf 3 l/s af 28,5°C heitu vatni, sem hitnaði um 2 gráður á tveimur tínum.

Í borskýrslum frá HS-50 er ekki getið um neinar vatnsæðar. Mikil ummyndun er í holunni. Holan er mjög auðug af innskotum einkum neðan við 542 m dýpi. Holan virðist vera boruð í eða við gang og bergið virðist vera mjög þétt af útfellingum. Þórir Sveinbjörnsson borstjóri segir þetta eina þurrstu holu, sem hann hefur borað. Hiti í botni holunnar við lok borunar var 78°C, en hefur hækkað í 101°C eftir borun. Vatnsborð í holunni hefur mælst á 33-34 m dýpi.

Tafla 5. Vatnsæðar í HS-49 samkvæmt borskýrslu.

| Hola nr. | Dýpi (m) | Rennsli l/s | Hiti (°C) | Athugasemdir |
|----------|----------|-------------|-----------|--|
| HS-49 | 28-33 | | | Smá leki í 28-33 m. |
| | 75 | | | Vatn í 75 m og smá hrun. |
| | 234,0 | 20 | 24 | Vatnsborð í 100 m. |
| | 323 | | | Smáleki. |
| | 437 | | | Smáskoltap. Vatnsborð í 97,5 m frá kjallarabrún. |
| | 1005,0 | | 61 | Hiti í botni. Vatnsborð í 101,4 m. |

5. Jarðlagamælingar

Hefðbundnar jarðlagamælingar voru gerðar bæði í holu HS-49 og í HS-50. Auk holuvíddar, var mæld náttúruleg gammageislun, rafviðnám og sjálfspenna bergsins í borholuveggjunum ásamt því hversu vel nifteindir ná að dreifa sér um bergið.

Jarðlagamælingarnar veita upplýsingar um uppbryggingu jarðlagastaflans sem borað er í gegnum. Með samtulkun við greiningar á borsvarfi má greina milli jarðmyndana, bæði einstakra jarðlaga og heilla syrpna, og ákvarða þykkt þeirra. Mælingarnar gefa einnig upplýsingar um poruhluta (vatnsinnihald) bergsins og vísbendingar um efnasamsetningu þess. Með tengingu þessara upplýsinga við borholujarðfræði fást betri upplýsingar um jarðlagastaflann. Víddarmælingar falla ekki undir eiginlegar jarðlagamælingar. Þær geta stundum gefið vísbendingar um jarðlagagerð og eru einnig notaðar til þess að leiðréttja jarðlagamælingarnar fyrir víddaráhrifum. Mælingar á sjálfspennu reyndust ekki gefa áhugaverðar niðurstöður í þessum holum og er því sleppt úr skýrslunni.

Tafla 6. Jarðlagamælingar í holum HS-49 og 50.

| Nafn | Staður | Dagsetning | Svunta | Hvað mælt | Dýpi frá (m) | Dýpi til (m) | Athugasemdir |
|-------|--------|------------|--------|---------------------|-----------------|-----------------|--------------|
| HS-49 | 14096 | 20.06.1997 | 18305 | Vídd (mm) | 0 | 560 | |
| | | 15.05.1998 | 19805 | Vídd, y-hluti (mm) | 2.5 | 1000 | |
| | | 15.05.1998 | 19804 | Vídd, x-hluti (mm) | 2.5 | 1000 | |
| | | 15.05.1998 | 19807 | Nifteindir (API NU) | 110 | 1000 | |
| | | 15.05.1998 | 19806 | Gamma (API-GU) | 110 | 998 | |
| | | 15.05.1998 | 19808 | 16" viðnám | 550 | 1001 | |
| | | 15.05.1998 | 19809 | 64" viðnám | 550 | 1001 | |
| | | 15.05.1998 | 19810* | Sjálfspenna (mV) | 550 | 1001 | |
| | | 27.11.1997 | 19104 | Vídd (mm) | 6.5 | 295.5 | |
| HS-50 | 12974 | 27.11.1997 | 19105 | Nifteindir (API NU) | 11.5 | 302.5 | |
| | | 27.11.1997 | 19106 | Gamma (API-GU) | 10 | 302.5 | |
| | | 27.11.1997 | 19107 | 16" viðnám | 38.5 | 302 | |
| | | 27.11.1997 | 19108 | 64" viðnám | 39.5 | 300.5 | |
| | | 27.11.1997 | 19109* | Sjálfspenna (mV) | 40 | 302 | |
| | | 04.06.1998 | 19884 | Vídd, x-hluti (mm) | 1.5 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19885 | Vídd, y-hluti (mm) | 1.5 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19886 | Nifteindir (API NU) | 34 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19887 | Gamma (API-GU) | 34 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19888 | 16" viðnám | 299.3 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19891* | 16" viðnám | 284 | 800 | mælt upp |
| | | 04.06.1998 | 19889 | 64" viðnám | 298.8 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19892* | 64" viðnám | 283.5 | 800 | mælt upp |
| | | 04.06.1998 | 19890* | Sjálfspenna (mV) | 299.3 | 800 | |
| | | 04.06.1998 | 19893* | Sjálfspenna (mV) | 284 | 800 | mælt upp |

* Mæling ekki notuð í frekari úrvinnslu

Yfirlit um allar jarðlagamælingar, sem gerðar voru í holum HS-49 og HS-50, er sýnt í töflu 6. Mælingarnar voru skráðar í gagnagrunn Orkustofnunar og er svuntunúmer þeirra

í grunninum að finna í töflunni.

Eftir að mælingunum hafði verið komið fyrir í gagnagrunninum voru þær yfirlarnar og leiðréttar. Fyrst voru gerðar dýptarleiðréttigar og leiðrétt fyrir holuvídd. Mæliferlarnir eru skráðir sem fall af dýpi, en nállstillingin er þó ekki alltaf nákvæm og getur það valdið innbyrðis hliðrun milli mæliferlanna. Í holu HS-49 voru þessar skekkjur á bilinu 1,0-4,0 m. Leiðrétt var fyrir þeim með því að skoða dýpi á fóðringarenda í víddarmælingunum og hliðra mæliferlunum, þar sem þess þurfti, svo dýpinu bæri saman við uppgefið dýpi í fóðringarskýrslu. Hinir ferlarnir voru svo stilltir af miðað við víddarmælinguna á grundvelli útreikninga á fylgni milli ferlanna sem fall af innbyrðis hliðrun. Þessari aðferð má beita vegna þess að víddaráhrif koma yfirleitt greinilega fram í nifteindamælingunni og hún sýnir góða fylgni við viðnámsmælingarnar. Í holu HS-50 voru skekkjurnar hins vegar svo óverulegar að leiðréttigar reyndust ónauðsynlegar.

Tvenns konar víddarmælar voru notaðir við mælingarnar, þriggja og fjögurra arma. Þriggja arma mælirinn mælir einungis meðalvídd holunnar, en fjögurra arma mælirinn mælir víddina í tvær stefnur (X og Y) hornrétt á hvor aðra. Til þess að tryggja sem nákvæmastar víddarmælingar voru þær bornar saman við þekkt innanmál fóðringanna. Þriggja arma mælingunum bar vel saman við innanmálin, en í ljós kom nokkur skekkja í fjögurra arma ferlunum. Kerfisbundinn munur var á ferlunum tveimur og sýndi Y-hlutinn 7-9 mm lægra gildi en X-hlutinn. Þar að auki bar meðaltali ferlana ekki eins vel saman við innanmál fóðringanna og í þriggja arma mælingunum. Leiðrétt var fyrir þessum skekkjum.

Poruhluti bergsins var reiknaður út frá nifteindaferlinum og gammaferilinn umreiknaður yfir í kísilsýruinnihald. Í báðum tilvikum byggðu útreikningarnir á leiðréttum víddarmælingum.

Eftir þessa meðhöndlun voru ferlarnir bornir saman við jarðlagasniðin. Í báðum holunum, reyndist í meginatriðum vera ágætt samræmi milli mæliferlanna og jarðlagasniðanna, þótt misræmi kæmi í ljós sums staðar. Gerðar voru tengingar milli ferlanna og jarðlaga, sem túlkuð höfðu verið út frá borsvarfi. Á grundvelli þessa samanburðar og tenginga voru svo gerðar þrenns konar leiðréttigar á jarðlagasniðunum. Í fyrsta lagi voru gerðar dýptarleiðréttigar. Vegna blöndunar svarfs á leiðinni frá holubotni til yfirborðs veita jarðlagamælingarnar oft betri upplýsingar um staðsetningu jarðlagamóta og þykkt jarðlaga en svarfgreiningin. Yfirleitt sýnir svarfgreiningin einnig meira dýpi en jarðlagamælingarnar vegna vegna tímans sem það tekur svarfið að berast frá holubotni til yfirborðs. Leiðrétt var fyrir þessum skekkjum með því að færa lagmót í jarðlagasniðunum til samræmis við mælingarnar. Þar með leiðréttist einnig sjálfkrafa sá dýptarmunur sem stafaði af því að jarðlagamælingarnar eru miðaðar við holuflangs en svarfgreiningin við drifborð borsins. Í öðru lagi, var jarðlagasniðunum breytt á nokkrum stöðum þar sem jarðlagamælingarnar bentu eindregið til þess að túlkun borsvarfsins fengi ekki staðist. Í þriðja lagi var fyllt upp í jarðlagasniðin á grundvelli jarðlagamælinganna þar sem svarfsýni vantaði.

Leiðréttar mælingar og útreiknaðir ferlar eru teiknaðir upp ásamt leiðréttu jarðlagasniði, magni ummyndunar, fóðringum og staðsetningum á æðum á myndum 2 og 3 hér að fram-

an. Viðnámsferlarnir eru teiknaðir á línulegan skala svo betur sjáist breytingar í viðnámi þar sem það er hátt, en það gerir auðveldara að greina innskot frá upphlöðnu bergi. Víddar-, viðnáms-, poruhluta- og kísilsýruferlarnir eru aðeins sýndir þar sem hægt var að mæla í opinni holu. Nifteinda- og gammaferlarnir eru hins vegar einnig sýndir inni í fóðringum, vegna þess að þeir ná að nema jarðlögin gegnum fóðringarnar, þótt ekki séu þeir eins áreiðanlegir þar og í opinni holu.

Á myndum 4-7 eru birt stólparkerit af tíðnidreifingum poruhluta, kísilsýru og viðnáms í holunum og meðaltöl eru birt í töflu 7. Hér verður gerð stutt grein fyrir mælingunum í hvorri holu fyrir sig.

Tafla 7. Meðaltöl og staðalfrávik dreifinga jarðlagamælinga í holum HS-49 og HS-50.

| Hola | Poruhluti(%) % | Kísilsýra(%) % | 16" viðnám (Ohmm) | 64" viðnám (Ohmm) |
|-------|-------------------|-------------------|----------------------|----------------------|
| HS-49 | 30 +/- 8 | 45 +/- 2 | 75 (+/- 76; -38)* | 70 (+/- 30; -52)* |
| HS-50 | 22 | 46 +/- 2 | 178** | 206** |

* meðatöl og staðalfrávik reiknuð á lógaritmískum skala

** staðalfrávik ekki reiknuð vegna þess hve dreifingarnar eru óreglulegar

5.1 Jarðlagamælingar í holu HS-49

Efsti hluti holunnar, bak við yfirborðsfóðringu (0-58 m), var ekki jarðlagamældur fremur en vant er. Að þessu sinni reyndist heldur ekki unnt að mæla miðhluta hennar (58-564 m), vegna þess að borholumælingabílar Orkustofnunar voru uppteknir í öðrum verkum. Víddarmæling var þó gerð 20. júní, áður en vinnslufóðringin var sett niður. Neðsti hluti holunnar var svo jarðlagamældur tæpu ári seinna, 15. maí 1998. Hefðbundnar jarðlagamælingar voru þá gerðar neðan fóðringar á dýptarbilinu 565-1000 m, en þar að auki var þess gætt að skrá gammageislun og nifteindir í vinnslufóðringunni. Hér verður þó einungis fjallað um neðsta hluta holunnar, 565-1000 m, sem mældur var ófóðraður.

Meðalstyrkur kísilsýru er 45 +/- 2%. Ferillinn sýnir að staflinn er úr basalti og kemur súrt berg hvergi fyrir í þessum hluta holunnar. Ferillinn bendir heldur ekki til þess að styrkur kísilsýru í innskotsberginu sé annar en í upphleðsluberginu. Hugsanlega eru syrpuskipti í upphleðsluberginu á um 860 m dýpi, því um 3 prósentueiningum virðist muna á meðalstyrk kísilsýru í berGINU ofan og neðan þessa dýpis.


Meðalporuhluti kaflans er 30 +/- 8%, sem er mjög hátt, en kemur samt vel heim og saman við að jarðlögin eru að meginuppistöðu breksiur og túff. Algengustu gildin liggja á bilinu 33-38% og má að miklu leyti rekja þau til túffmyndunarinnar á dýptarbilinu 720 -792 m. Það örlar einnig á toppi í poruhlutadreifingunni á bilinu 13-17% og á hann rætur sínar að rekja til innskotanna.

Viðnámsmælingarnar voru framkvæmdar með tveimur skautabilum, 16" og 64". Þær sýna lognormal-dreifingu og er 16" viðnámið að meðaltali 75 (37-151) Ohmm en 64" viðnám-


ið 70 (18-100) Ohmm. Mæliferlunum ber vel saman. Háviðnámstoppar eru þó hærri í 16" mælingunni en í 64" mælingunni og skýrist það a.m.k. að hluta af hærri upplausn í 16" mælingunni. Annar áhugaverður munur á mælingunum er sá, að á nokkrum stöðum þar sem grannir toppar koma greinilega fram í 16" mælingunni, sýnir 64" mælingin lítil sem engin viðbrögð eða jafnvel neikvætt útslag, þ.e.a.s. í öfuga átt við toppinn í 16" mælingunni. Þessu fylgja stundum veik jákvæð útslög báðum megin við neikvæða útslagið. Þessi hegðun viðnámsmælinga í borholum er velþekkt þar sem til staðar eru þunn háviðnámslög og er ástæðan sú að lengri mælingin brenglast þegar lagþykktir fara niður undir og niður fyrir sjálft skautabilið. Mörg þunn háviðnámslög eru einmitt í holunni, sérstaklega innskot.

Viðnám bergsins umhverfis holuna virðist ráðast að verulegu leyti af vatnsinnihaldi (poruhluta) bergsins, sem aftur ræðst af myndunarumhverfi þess. Til dæmis er poruhlutinn mjög hár á dýptarbilinu 700-800 m, þar sem basalttúff er ráðandi og viðnámið einna lægst í holunni. Fyrir ofan og neðan þetta bil er poruhlutinn lægri, viðnámið að meðaltali töluvert hærra og meira um innskot og breksíur. Þetta kemur ekki á óvart því samkvæmt velþekktu reynslusambandi viðnáms og poruhluta, Archie-jöfnunni (Archie, 1942), lækkar viðnám bergs með vaxandi poruhluta. Það vakti því sérstaka athygli að greinileg frávik frá þessu sambandi er að finna í holunni. Ákaflega skýrt dæmi um þetta er að finna á dýptarbilinu 966-1000 m, neðst í holunni. Þar sést að viðnám í grófkorna basaltinnskoti með um 15% poruhluta er 30-50 Ohmm, þótt miklu gropnari basaltbreksíur með 20-30% poruhluta fyrir ofan og neðan innskotið sýni 150-300 Ohmm viðnám.

Þetta varð til þess að fylgni poruhluta, viðnáms og jarðlagagerðar í holunni var athuguð nánar. Kom þá í ljós að í upphleðsluberginu verður hvergi vart við að viðnám lækki eða standi í stað með lækkandi poruhluta. Þess konar frávik, sem eru öfug við það sem búast má við út frá Archie-jöfnunni, tengjast því innskotunum. Frekari samanburður sýndi að þetta öfuga samband gildir um tæplega helming innskotanna. Þetta er mjög sterk vísbending um að í mælingunum fari hluti rafstraumsins eftir steindunum bergsins og ekki aðeins um vatnið í holrýminu, eins og jafna Archie í raun felur í sér.



Mynd 4. Tiðnidreifing poruhluta og kísilsýru í holu HS-49.



Mynd 5. Tíðnidreifing viðnáms í holu HS-49.

5.2 Jarðlagamælingar í holu HS-50

Yfirborðsfóðringin nær niður á 40 m dýpi og var ekki jarðlagamælt áður en hún var sett niður. Miðhluti holunnar (40- 305 m) var jarðlagamældur 27. nóvember 1997, áður en vinnslufóðringunni var komið fyrir. Neðsti hlutinn (302-800 m) var svo mældur um 6 mánuðum eftir að borun lauk.

Styrkur kísilsýru er að meðtali 46 +/- 2% og sýnir kísilsýruferillinn að staflinn er úr basalti. Vísbendingar um súr berglög eru einungis á tveimur stöðum í holunni, 508-514 m og 487-490 m, og er í fyrra tilvikinu, sennilega um bergganga að ræða. Áberandi syrpuskipti í upphleðsluberginu sjást ekki í kísilsýruferlinum og sker innskotsbergið sig ekki úr að þessu leyti heldur.


Poruhlutinn er langt frá því að vera normaldreifður því tíðnidreifing hans er mjög mótuð af innskotunum, sem koma fram toppur á bilinu 1-14%. Óvenjulega gropið túfflag ofarlega í holunni kemur fram sem hækkan á bilinu 53-63% og bjagar það dreifinguna líka. Mjög ólíklegt er að poruhlutinn sé raunverulega svona hár, en þessi háu gildi gætu stafað af miklu magni bundins vatns í túffinu, sem er mjög mikið ummyndað.

Viðnámsferlunum ber vel saman saman og er meðalgildi 16" ferilsins 178 Ohmm, en 64" ferilsins 206 Ohmm. Tíðnidreifingar viðnámsferlanna eru ekki lognormal eins og í holu HS-49, heldur er þær tvítypptar. Neðri toppurinn á bilinu 3-20 Ohmm stafar af lágvíðnámslagi ofan 255 m, en sá efri af jarðlagastaflanum þar fyrir neðan.

Við fyrstu sýn virðist viðnám bergsins lækka með vaxandi poruhluta eins og í jöfnu Archie. Virðist þetta gilda bæði í smæð og lengd. Til dæmis er viðnámið fremur lágt (< 200 Ohmm víðast hvar) í efri hluta holunnar, ofan 500 - 530 m, þar sem poruhlutinn yfir 10%, en miklu hærra þar fyrir neðan, þar sem poruhlutinn er lægri, þó sveiflur séu miklar (50-3000 Ohmm). Á miklu styttri lengdarskala, má einnig víða sjá þunn innskot með lágan poruhluta og hærra viðnám en grannbergið. Við nánari athugun kom þó í ljós að í þessari holu gilti sama öfuga samband og fannst í holu HS-49 um öll innskot neðan 610 m dýpis, eða um þriðjung innskotanna. Ofan þessa dýpis var sambandið hins vegar eins og búast mátti við út frá jöfnu Archie. Í holu HS-50 koma því einnig fram sterkar vísbendingar um að rafleiðni bergsins umhverfis holuna ráðist að einhverju leyti af steindum bergsins, en ekki af viðnámi poruvökvens eingöngu.


18 Jan 2000 STG
xy v1.0

Hola HS-50, 40,5 – 797 m




18 Jan 2000 STG
xy v1.0

Hola HS-50, 40,5 – 797 m



Mynd 6. Tiðnidreifing poruhluta og kísilsýru í holu HS-50.



Mynd 7. Tiðnidreifing viðnáms í holu HS-50.

6. Heimildir

Archie, G.E., 1942. *The electrical resistivity log as an aid in determining some reservoir characteristics.* Tran. AIME, 146, 54-67.

Sigurður Sveinn Jónsson, Helga Tulinius, Þórður Arason, Guðmundur Ómar Friðleifsson og Benedikt Steingrímsson, 1996. *Höfuðborgarsvæði. Holur HS-35 og HS-37 til HS-43. Jarðfræði og jarðlagamælingar.* Orkustofnun, OS-96068/JHD-38 B.

Sigurður Sveinn Jónsson, Steinar Þór Guðlaugsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson, Helga Tulinius og Benedikt Steingrímsson, 1998: *Höfuðborgarsvæði Holur HS-45 til HS-48. Jarðfræði og jarðlagamælingar.* Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Orkustofnun, OS-98015.